

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, 90**  
**um að Krýsuvíkurkirkja skuli lögð niður og Krýsuvíkur-<sup>21. okt.</sup>**  
**sókn lögð til Staðarsóknar í Grindavík.**

Eftir ályktun héraðsfundar í Kjalarnesprófastsdæmi veitir ráðuneytið hérmeð, samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugri herra, í bréfi, dags. 23. f. m., og með skírskotum til laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til að Krýsuvíkurkirkja í Kjalarnesprófastsdæmi verði lögð niður, að Krýsuvíkursókn verði lögð til Staðarsóknar í Grindavík, og skrautgripir og áhöld Krýsuvíkurkirkju verði afhentir Grindavíkurkirkju.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir Minningar- 91  
sjóð stud. juris Halldórs Hallgríms Andréssonar, útgefin á venjulegan 24. okt.  
hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. október  
1929. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð stud. juris Halldórs Hallgríms Andréssonar.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður stud. juris Halldórs Hallgríms Andréssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1369.00 — þrettán hundruð sextíu og níu krónur —, og er það gjöf vor undirritaðra hjóna, Andrésar Ólafssonar hreppstjóra á Brekku í Gufudalssveit og Guðrúnar Halldórsdóttur, til minningar um son okkar, stud. juris Halldór Hallgrím Andrésson, er andaðist í Reykjavík 28. apríl 1924.